

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarks skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumark skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum skal vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1991:

1. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga aðrar tekjur (þó ekki úr lífeyrissjóði) má hafa kr. 195 360 á ári (kr. 16 280 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum verða þessar fjárhæðir kr. 273 504 á ári (kr. 22 792 á mánuði).
2. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga eingöngu tekjur úr lífeyrissjóði má hafa kr. 283 800 á ári (kr. 23 650 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum eru þessar fjárhæðir kr. 397 320 á ári (kr. 33 110 á mánuði).
3. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi til viðbótar lífeyri almannatrygginga bæði lífeyrissjóðs-tekjur og aðrar tekjur skal frítekjumark vera hið sama og í 1. tl. Áður en til útreiknings tekjutryggingar kemur skal þó draga frá lífeyrissjóðstekjum viðkomandi kr. 88 440 á ári (kr. 7 370 á mánuði, þ.e. kr. 23 650 – 16 280) hjá einstaklingi og kr. 123 816 á ári (kr. 10 318 á mánuði, þ.e. kr. 33 110 – 22 792) hjá hjónum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lokamálsgrein 19. gr. laga um almannatryggingar eins og ákvæðinu var breytt með 8. gr. laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga nr. 7/1990, sbr. lög nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. maí 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að vinstri beygja af Laugavegi suður Ásholt og vinstri beygja af Ásholti vestur Laugaveg verði bannaðar.

Einnig var ákveðið að biðskylda yrði sett á Porfinnsgötu við Egilsgötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 19. júní 1991.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. maí 1991.

Böðvar Bragason.